Elfa Hlín Pétursdóttir

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2007

Elfa Hlín Pétursdóttir

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2007

MINJASAFN AUSTURLANDS

© Elfa Hlín Pétursdóttir 2007

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2007
Skýrslur Minjasafns Austurlands XVIII
ISNN 1670-8059

EFNISYFIRLIT

Inngangur **4**

Opnunartími safnsins **4**

Starfsmannahald **5**

Húsnæðismál og rekstur **5**

Safnkennsla **7**

Sumarstarfsemin **8**

Félag eldri borgara á Fljótsdalshéraði *8*

17. júní / sýningaropnun *8*

Minningartafla afhent *10*

ÍSLENSKI SAFNADAGURINN *11*

Ormsteiti – Safnanótt *12*

Þjóðháttadagar *13*

Lifandi vetrarstarfsemi **13**

Sigfúsarþing *13*

Dagar myrkurs *14*

Jólagleði fjölskyldunnar *15*

Ýmis starfsemi **15**

Farskóli Safnamanna *15*

Geirsstaðakirkja og Kjarvalshvammur *18*

ICHI *15*

Golfstraumsverkefnið *18*

24.–28. september 2007 ..... *20*

Ráðstefnur og fundir *24*

Vaxtarsamningur *26*

Fornleifarannsókn **28**

Gestafjöldi **30**

Stjórnarstörf **31**

Innlán – útlán **32**

Lokaorð **32**

INNGANGUR

Að mörgu leyti var starfsemi Minjasafns Austurlands með hefðbundnu sniði árið 2007. Í ársbyrjun voru geymslur safnsins endurskipulagðar og bætt við miklu af hillum og plássið er í dag mun betur nýtt en áður þó alltaf megi sjálfsagt gera betur.

Í sumarbyrjun tók Minjasafnið, í samstarfi við Gunnarsstofnun og Skriðuklaustursrannsóknir, þátt í Evrópuverkefni sem fólst í því að taka á móti hóp af Skotum sem vinna í tengslum við menningararf Skotlands og miðlun hans. Dagskrá heimsóknarinnar var búin til í kringum þrjá staði þar sem fornleifauppgröftur hefur átt sér stað, Geirsstaðakirkja, Skriðuklaustur og Þórarinsstaðakirkja. Skoðað var hvernig þeir eru kynntir, eða ekki kynntir, að rannsókn lokinni sem og frágangur á uppgraftarstað..

Sumarsýning ársins bar nafnið *Komdu og skoðað´í kistuna mína* þar sem brot af hinum mörgu kistum, koffortum og kistlum í safnkostinum voru dregin fram úr geymslunum. Búnir voru ímyndaðir eigendur að sumum kistunum / koffortunum og var það sem í þeim var geymt í samræmi við eigandann.

Sú ánægjulega nýbreytni varð að um sumarmánuðina var tekið upp samstarf við Félag eldri borgara á Fljótsdalshéraði, þau voru við sýningarvörslu 4 daga í viku í júní, júlí og ágúst og þótti það gefast mjög vel.

Samstarf við Donegal County Museum á Írlandi og Museum Nord í Noregi hófst og var mótað á árinu. Farskóli safnmanna var haldinn í Skotlandi að þessu sinni og var fróðlegt að skoða hvað Skotar eru að gera í safnamálum, að mörgu leyti eru þeir framarlega í þeim málum.

Minjasafnið auk Héraðsskjalasafns Austfirðinga og Gunnarsstofnunar í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Miðstöð munnlegrar sögu stóð fyrir svokölluðu Sigfúsarþingi í október. Þar var m.a. verið að heiðra minningu þjóðsagnasafnarans Sigfúsar Sigfússonar og skoðaðar leiðir til að halda nafni hans á lofti.

OPNUNARTÍMI SAFNSINS

Sýningar Minjasafns Austurlands voru opnar frá kl. 13.00 til kl. 17.00 alla virka daga yfir vetrartímann, auk þess sem skrifstofa safnsins og móttaka gripa voru opnar á hefðbundnum skrifstofutíma. Um sumarið (1. júní til 31. ágúst) voru sýningar safnsins

opnar á milli kl. 11.00 og 17.00 alla daga vikunnar nema á miðvikudögum, en þá var sú nýbreytni tekið upp að opið var milli kl. 11.00 og 19.00. Var það gert með það í huga að Norræna kemur á fimmtudögum þannig að fjöldi ferðamanna á Austurlandi er mikill á miðvikudögum og oft koma þeir í náttstað seinni part dags. Eitthvað var um að gestir kæmu á þessum tíma, en þó ekki í samræmi við væntingar. Þar má líka kenna um slakri markaðssetningu.

STARFSMANNAHALD

Safnstjóri var Elfa Hlín Pétursdóttir en auk þess voru þau Edda Björnsdóttir og Hrafnkell Lárusson bæði í hálfri stöðu sem safnverðir.
Sú skemmtilega nýbreytni var að á sumarmánuðum var samstarf við Félag eldri borgara á Fljótsdalshéraði og önnuðust þau móttöku safngesta mánudaga til fimmtudaga milli kl. 13 og 16.

Laura Salas og Didier Goméz unnu sem sjálfboðaliðar á safninu í febrúar og mars. Þau eru frá Costa Rica og unnu á ýmsum stöðum á Austurlandi, þ. á m. safninu. Þau eru bæði verkfræðimenntuð og nýttust því vel við að endurskipuleggja geymslurými safnsins. Þeim verður ekki nógsamlega þakkað framlag sitt, vinnugleði og samviskusemi.

HÚSNÆÐISMÁL OG REKSTUR

Eins og margoft hefur komið fram þá er aðeins fyrsta áfanga af þremur lokið af byggingu Safnahússins á Egilsstöðum. Allar þrjár stofnanir sem í húsinu eru finna fyrir því og er húsnæðið löngu sprungið. Einn stærsti vandinn er að geymsluhúsnæði minjasafnsins er undir bráðabirgðaþaki þar sem að óbyggð burst á að koma þar ofan á.

Ekki var vanþörf á verkinu.

Leki hefur verið í geymslum í mörg ár og kom það berlega í ljós þegar í ársbyrjun var byrjað að endurskipuleggja geymslurnar, með það að markmiði að nýta betur rýmið.

Rakaskemmdir og lekir gluggar voru mjög áberandi og er það ástand algerlega óviðunandi. Til að reyna að draga úr lekanum og takmarka hættu þá var hreinsað torf úr þakrennum og gengið betur frá þakinu. Þó er ljóst að vandinn verður ekki leystur nema að byggt verði ofan á grunninn eða að skipt verði um þak sem dugi til langframa.

Gleðilegt er hins vegar að á árinu var stofnaður undirbúningshópur vegna stækkunar Safnahúss sem skal vinna að þarfagreiningu fyrir söfnin í húsinu. Í hópnum eru þau Sigurjón Bjarnason fyrir hönd Minjasafnsins, Björn Aðalsteinsson fyrir Héraðsskjalasafn og Laufey Eiríksdóttir fyrir bókasafnið. Þá var unnið lögfræðiálit vegna eignarhalds á húsinu og tillögur mótaðar um næstu skref en flókið eignarhald gerir áframhaldandi byggingu hússins mjög flókna og ákvarðanatöku þunga í svifum.

Hér fyrir neðan má sjá myndir sem teknar voru er sýna berlega fyrrnefndar rakaskemmdir og lekavandamál í geymslum. Þessar myndir voru sendar þeim sveitarfélögum sem standa að Minjasafninu.

Það lekur inn um glugga í miðrýminu og niður á gólf. Skordýr, mygla og úrfellingar.

Í herbergi þar sem loftræstikerfið er staðsett en einnig er notað sem geymsla nær áveitukerfið nýjum hæðum og dugar ekki til.

Inni í raka- og hitastýrðu geymslunni er ástandið ekki betra. Sett hefur verið áveitukerfi fyrir ofan stranga af textíl til að veita vatninu rétta leið í fötu á gólfinu!!

Þá er í horni geymslunnar mikil rakaskemmd og búið að setja upp stokka til að reyna að stjórna för vatns en eins og myndirnar bera með sér dugar það ekki til.

SAFNFRÆÐSLA

Á árinu var þó nokkuð um heimsóknir skólabarna og voru ástæður og tilgangur heimsóknanna mismunandi. Fór það oft eftir aldri barnanna sem og því námsefni sem þau voru að takast í við í skólanum á hverjum tíma hvað lagt var áherslu á í heimsókninni. Hið hefðbundna sveitasamfélag, landnámsöldin, jólin, líf barna í gamla daga, þjóðsögur og svo margt fleira kom við sögu.

En þó náðist ekki á árinu að gera heildstætt námsefni uppúr grunnsýningunni eins og áætlað hafði verið. Það myndi gera alla safnfræðslu mun skilvissari og gagnlegri, sem og líklega jafnframt ánægjulegri fyrir nemendurna. Safnfræðsla getur verið skemmtileg og gagnleg viðbót við hefðbundið skólastarf og oft hægt að nálgast viðfangsefnin eftir öðru leiðum.

Edda Björnsdóttir segir frá jólatrénu

Nemendur komu úr hinum ýmsu skólum; Nesskóla, Egilsstaðaskóla, Fellaskóla og Borgarfjarðarskóla auk þess sem að nemendur í leikskólanum Tjarnarlandi á Egilsstöðum heimsóttu safnið á Degi íslenskrar tungu.

SUMARSTARFSEMIN

FÉLAG ELDRI BORGARA Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI

Sú ánægjulega nýbreytni varð á árinu að tekið var upp samstarf við Félag eldri borgara á Fljótsdalshéraði sem felur í sér að félagsmenn, einn til tveir í einu, annast móttöku safngesta fjóra daga í viku, mánudaga – fimmtudaga, milli kl. 13. og 16 og stundum lengur ef þurfa þótti. Þau aðstoðuð einnig við ýmis konar viðvik. Safnið greiddi félaginu vissa upphæð fyrir þessa vinnu í sumarlok. Almenn ánægja var með þetta samstarf og skemmtileg tenging við heimamenn fékkst með þessu móti. Þau höfðu mörg hver áhyggjur af lélegri kunnáttu í öðrum tungumálum en það kom sjaldnast að sök, auk þess sem að starfsmaður safnsins var ávallt við og hægt að kalla til ef í þrautirnar rak.

17. JÚNÍ / SÝNINGAROPNUN

Hefð hefur myndast fyrir því að halda 17. júní hátíðlegan. Að þessu sinni var sýningin "Komdu og skoðað´í kistuna mína" opnuð formlega.

Eftirfarandi texti eftir Arndísi Þorvaldsdóttur var í sýningarskránni:

> Í geymslum Minjasafns Austurlands er varðveittur fjöldi af kistum, koffortum og kistlum sem sjaldan koma fyrir almenningssjónir. Þar er finna marga fallega hluti, eins og rósamálaðar kistur sem fluttar voru inn frá Danmörku eða Noregi,

sterkleg koffort og útskorna kistla sem á stundum er skorið í nafn eigandans og bera vitni um listhneigð smiðsins.

Þessi gömlu nytjahlutir eiga sér allir mismunandi hlutverk og sögu. Á velmegandi heimili var oft að finna stóra búrkistu sem aðeins húsmóðirinn hafði lyklavöldin að. Dætur efnaðri bænda og embættismanna eignuðust gjarnan kistu þar sem þær geymdu föt sín og söfnuðu í líni til væntanlegs búskapar. Algengt var að sparifatnaður fjölskyldunnar væri geymdur í kistu og knippi af reyrgresi lagt með. Meira að segja vinnukonur og vinnumenn eignuðust slíka gripi og oft rúmuðust eigur þessa fólks við lok langrar ævi í lítilli kistu eða kistilkorni. Þá má ekki geyma koffortunum sem þóttu hentug til að að flytja í viðkvæman varning á klökkum og oft var smíðað sérstakt ferðakoffort handa þeim

Sýningunni "Komdu og skoðaðu í kistuna mína" er ætlað að færa þessa merku gripi nær safngestum og kynna fyrir þeim hlutverk þeirra. Nafnið á sýningunni er sótt í sívinsælt gamanljóð sem þýtt er af Páli Ólafssyni. Þar er okkur boðið að kíkja í kistu ungs manns sem geymir í handraðanum tryggðapanta frá öllum gömlu kærustunum.

Gripirnir á sýningunni eru úr eigu Minjasafn Austurlands og Héraðsskjalasafns Austfirðinga.

Kistunum voru gefnir ímyndaðir eigendur, má t.d. nefna heimasætu, farandkennara, vinnumann og hreppstjóra auk þess sem ein kistan fékk að sjálfsögðu það hlutverk að vera búrkista og úr henni barst góður ilmur af kryddum og kruðerí.

Koffort vinnumannsin

Koffort farandkennarans

Hreppstjórakistan

Kista maddömmunnar

Við opnun sýningarinnar komu félagar úr sönghópnum Hljómvinir og sungu lög við ljóð Páls Ólafssonar undir stjórn Suncana Slamnig.

Ljósmyndir í kjallara

Hljómvinir að syngja

Í anddyri í kjallara Safnahússins var á sama tíma opnuð sýning á óþekktum staðamyndum frá Ljósmyndasafni Íslands / Þjóðminjasafninu. Óskað var eftir aðstoð gesta við að staðgreina ljósmyndirnar sem sumar voru greinilega af austfirskum uppruna.

MINNINGARTAFLA AFHENT

Þann 30. júní afhenti sóknarnefnd Valþjófsstaðarkirkju. Minjasafni Austurlands minningartafla um Jón Þorsteinsson Skjöld vefara og konu hans Þóreyju Jónsdóttur til varðveislu. Höfðu niðjar vefarahjónanna kostað forvörslu á töflunni. Dagskrá var í Valaskjálf í tilefni af þessu en síðan gengu gestir, vel á annað hundraðið, yfir á Minjasafn þar sem taflan var afhjúpuð. Henni var fundinn staður í kirkjubás grunnsýningarinnar og sómir sér vel þar.

Eftirfarandi texti er eftir Hrefnu Róbersdóttur og birtist hann ásamt ýmsu öðru í bæklingi sem gefinn var út um leið.

Minningartaflan uppgerð

Minningartafla var gerð um þau Jón Þorsteinsson Skjöld (1771-1827) og Þóreyju Jónsdóttur (1772-1843) eftir lát Þóreyjar. Taflan var hengd upp í Valþjófsstaðarkirkju þar sem Þórey var jörðuð, en Jón var jarðsettur á Hjaltastað. Taflan er dönsk smíð og var komin í kirkjuna árið 1850 þegar biskup vísiteraði Valþjófsstað. Hún hékk á kórþili gömlu kirkjunnar í um 100 ár. Síðan nýja kirkjan var byggð 1966 fór minningartaflan í geymslu og þarfnaðist viðgerðar. Frá árinu 1990 hafa margir sýnt áhuga á því að minningartaflan yrði gerð upp.

Undirbúningur hófst árið 2005, og á vetrarmánuðum 2007 tók Viktor Smári Sæmundsson forvörður við verkinu og sá um viðgerð og hreinsun.
Fjölmargir lögðu hönd á plóg til að þetta yrði að veruleika. Niðjar þeirra vefarahjóna kostur verkið. Sóknarnefnd Valþjófsstaðarkirkju ákvað að afhenda Minjasafni Austurlands töfluna til varðveislu.

Samtökin Vefaraættin – niðjasamtök halda út vefsíðu, http://vefari.bloggar.is þar sem finna má ýmsar upplýsingar um hjónin Jón og Þóreyju og afkomendur þeirra.

ÍSLENSKI SAFNADAGURINN

Sú nýbreytni var tekin upp á safnadeginum að haldið var Austurlandsmótið í kleinubakstri og tókst það vel.

Voru keppendur beðnir um að skila 15 kleinum til safnsins og svo dæmdi þær dómnefnd sem skipuð var þeim Hákoni Aðalsteinssyni, Sigríði Sigmundsdóttir og Ágústu Ósk Jónsdóttur.

Kleinunum var raðað upp og gefið númer.

Á annan tug mismunandi kleina var skilað inn og var keppnin hörð. Dómarar sem og aðrir gestir höfðu á orði að greinilegt væri að „kleina væri ekki bara kleina" og kom að vissu leyti á óvart hversu ólíkar þær voru. Dæmt var eftir bragði, útliti og áferð. Í fyrsta sæti var Jóna Ingimarsdóttir og í öðru sæti Sveinbjörg Jóhannsdóttir. Verðlaun voru í boði KHB og Kaupþings.

Dómnefnd að störfum

Hjartafimmurnar er hópur kvenna af Héraði sem kemur saman og syngur og spilar. Þær komu í heimsókn og skemmtu gestum með söng sínum við góðar undirtektir.

Vinningshafa og dómnefnd. F.v. Hákon, Sveinbjörg, Sigríður, Jóna og Ágústa.

ORMSTEITI – SAFNANÓTT

Ljósmyndasafn Austurlands/Héraðsskjalasafn Austfirðinga stóð á Ormsteiti fyrir myndasýningu í tilefni af 60 ára afmæli Egilsstaða. Sýningin var tvískipt, annars vegar voru ljósmyndir úr bæjarlífinu frá ýmsum tímum og þá sýndi Vilhjálmur Einarsson gamlar vídeómyndir úr safni sínu sem tengdust sögu bæjarins. Oft hefur verið nefnt að Safnahúsið eins og það er í dag er í raun allt of lítið miðað við þá starfssemi sem þar fer fram og sannaðist það heldur betur þarna. Gert hafði verið ráð fyrir um 40 gestum en 120 manns mættu og þurftu einhverjir frá að hverfa. Sýningin var færð inn í sýningarsal Minjasafnsins og þurfti að endurtaka hana svo að fólk næði að fylgjast með.

ÞJÓÐHÁTTADAGAR

Að þessu sinni voru þjóðháttadagar haldnir á miðvikudögum kl. 17 – 19. Dagskráin var fjölbreytt eins og sjá má hér fyrir neðan:

20. júní	Íslenskir hundar
27. júní	Ostagerð
4. júlí	Lesið í íslenskan gróður
11. júlí	Te og veigar úr íslenskum jurtum
18. júlí	Íslenskt fiskmeti upp á gamla mátann
25. júlí	Ostagerð
22. ágúst	Sultugerð

Edda Björnsdóttir með sultur og hunöng úr íslenskri náttúru.

Aðsókn hins vegar olli miklum vonbrigðum og var oftast mjög dræm. Þá heyrði starfsfólk safnsins utan á sér að áhugi væri fyrir þessu af heimamönnum en fólk gleymdi þessu eða setti þetta ekki inn í sína dagskrá. Ljóst er að þjóðháttadagar með þessu sniði eru því miður ekki að skila þeim árangri sem leitast var eftir, auk þess sem það er leiðinlegt að fá fólk til að leggja fram vinnu sína ef fáir sem engir mæta. Hins vegar er spurning um að finna á þeim annað form og er ein hugmyndin að hafa þá í formi örnámskeiða á haustin og veturna þegar minna er að gera hjá fólki.

LIFANDI VETRARSTARFSEMI

SIGFÚSARÞING

Andi Sigfúsar Sigfússonar þjóðsagnaritara og sagnamanns sveif yfir vötnum á Sigfúsarþingi í Kirkjumiðstöðinni á Eiðum 12. og 13. október 2007. Að þinginu stóðu Minjasafn Austurlands, Gunnarsstofnun, Héraðsskjalasafn Austurlands, Árnastofnun, Félag þjóðfræðinga og Miðstöð munnlegrar sögu og var tilgangur þess að heiðra og halda á lofti nafni Sigfúsar og minna á þann auð sem við eigum í þjóðsagnaarfinum.

Á þinginu var boðið upp á fyrirlestra og þrjú stutt námskeið og farið í kynnisferð á fornar slóðir Sigfúsar á Seyðisfirði. Þar var flutt var klukkustundarlöng dagskrá, Sigfúsarvaka, þar sem stiklað var á stóru í ævi hans og lesnar þjóðsögur sem hann skráði. Var Seyðfirðingum boðið til vökunnar, mættu þeir vel og virtust kunna vel að meta þennan fyrrum samborgara sinn

Fyrirlesarar á þinginu voru þau Helgi Hallgrímsson, náttúrufræðingur á Egilsstöðum, Rósa Þorsteinsdóttir þjóðfræðingur,starfsmaður Árnastofnunnar, Júlíanna Magnúsdóttir, formaður Þjóðfræðingafélagsins, Unnur María Bergsteinsdóttir forstöðumaður Munnlegrar sögu og Ingi Hans Jónsson sagnamaður frá Grundarfirði.
Þingið setti Vilhjálmur Hjálmarsson frá Brekku og minntist hann m.a. á heimsókn Sigfúsar til Mjóafjarðar sem hann man vel.

Þjóðsagnasafn Sigfúsar telur alls 11 bindi og hefur lítið verið rannsakað, varpaði Helgi Hallgrímsson þeirri hugmynd fram í erindi sínu að komið yrði á fót Sigfúsarstofu þar sem yrði safn til minningar um hann og aðstaða til rannsókna. Hafði hann farteskinu innbundna bók með þremur fyrstu útgáfunum (bindunum í frumútgáfu??) af sögum Sigfúsar og tilkynni að hann gæfi hana sem fyrsta hlut til safnsins og er gjöfinni ætlað að brýna menn til dáða. Bókina batt Helgi þegar hann var barn að aldri, en þessar sögur Sigfúsar sem til voru á heimili hans voru þá svo þrautlesnar að þær voru komnar í blöð. Á eftir Helga fór í pontu Edda Björnsdóttir frá Miðhúsum, sagði hún við hæfi að kassi utan um bókina kæmi frá fæðingarstað Sigfúsar á Miðhúsum og myndi Listiðjan Eik leggja hann til. Má því segja að kominn sé vísir að Sigfúsarstofu

Á námskeiðunum sem voru ágætlega sótt fór Rósa Þorsteinsdóttir yfir hvernig safna skuli þjóðfræðum, Unnur María Bergsveinsdóttir sagði frá aðferðum og kynnti tækni við söfnun munnlegrar sögu og Ingi Hans Jónsson og Sigurborg Kr. Hannesdóttir leiddu þáttakendur í gengum listina að segja sögu.

DAGAR MYRKURS

Á Dögum myrkurs var endurtekin myndasýning um sögu Egilsstaðabæjar sem sýnd hafði verið á Ormsteiti og fólk hafði þurft að hverfa frá vegna mikillar aðsóknar og plássleysis eins og áður hefur verið greint frá.

JÓLAGLEÐI FJÖLSKYLDUNNAR

Jólavaka fjölskyldunnar var haldin aðventunni en þar var dagskrá nokkuð hefðbundin; lummubakstur í kjallarnum slær alltaf í gegn, þar var einnig gengið í kringum jólatréð og jólasöngvar sungnir með aðstoð Áslaugar Sigurgestsdóttur , jólasögur sagðar og lesið fyrir börnin á bókasafninu. Aðsókn var með ágætum en þetta er prýðisskemmtun fyrir fjölskyldur í annríki jólamánaðarins.

ÝMIS STARFSEMI

FARSKÓLI SAFNAMANNA

Að þessu sinni var farskóli safnmanna haldinn í Skotlandi og heimsótt voru söfn bæði í Glasgow og Edinborg. Er þetta í fyrsta sinn sem farskólinn fer út fyrir landsteinana. Frá Minjasafninu fóru þau Elfa Hlín, Hrafnkell Freyr og Edda.

Skýrslu farskólanefndar er á http://safnmenn.is/Portals/0/Greinagerð.pdf. Þar má finnar upplýsingar um dagskrá og hvernig til þótti takast. Það er mjög mikilvægt starfsfólki á litlu safni að heimsækja söfn og safnafólk í öðrum löndum og sjá hvað þar er verið að gera, það kveikir bæði nýjar hugmyndir, stuðlar að metnaði í vinnubrögðum og á stundum staðfestir það jafnframt það sem vel er gert heima fyrir.

ICHI

Vikuna 3. – 11. júní tók Minjasafn Austurlands, ásamt Gunnarsstofnun og Skriðuklaustursrannsóknum þátt í Evrópuverkefni sem ber heitið ICHI (Innovation in Cultural Heritage Interpretation). Skoska fyritækið Arch Network (www.archnetwork.eu) hafði frumkvæði að verkefninu, en um er að ræða sjálfstæða stofnun sem leitast við að efla nám og framþróun í menningar- og náttúruarfleifð milli Skotlands og annara

Evrópulanda. Kennarar, nemendur og fólk á atvinnumarkaði fá tækifæri til að læra nýja tækni og hluti ásamt því að víkka út þekkingu sína á Evrópu með mannaskiptum milli landa þar sem þau taka þátt í vinnu og uppákomum af ýmsum toga.

Hingað til Austurlands komu níu Skotar, flest öll fornleifafræðingar og dvöldu hér í viku. Dagskrá og markmið heimsóknarinnar snerist aðallega um þrjá staði þar sem fornleifauppgröftur hafði átt/á sér stað; Þórarinsstaði í Seyðisfirði, Geirsstaðakirkju í Hróarstungu og Skriðuklaustur í Fljótsdal. Sami fornleifafræðingurinn, Steinunn Kristjánsdóttir, stjórnaði uppgrefri á öllum þrem stöðunum en í þessari heimsókn var áherslan lögð á að skoða eftirleikinn, hvernig staðirnir og rannsóknirnar hefur verið miðlað eftur að rannsókn lauk. Þetta var mjög ánægjuleg vika og skildu Skotarnir margt eftir. Við kynntumst nýju fólki sem hefur mikla reynslu af miðlun menningararfsins á einn eða annan hátt, fjölmargar hugmyndir vöknuðu og tengslanet efldist. Nálgast má skýrslur þátttakenda á slóðinni: http://www.archnetwork.eu/blog/ICHI2007/Iceland.

Hér fyrir neðan er dagskrá heimsóknarinnar á ensku:

Sunday June 3 - Arrival day

Afternoon

Arrival at Egilsstaðir airport. From there we drive to **Bessastaðir and Valþjófsstaður** which will be your sleeping place for the next five nights. After dinner we will briefly discuss our expectations and ideas about the program and the visit to Iceland.

Monday June 4 - Skriðuklaustur

Morning

Breakfast in Bessastadir and then we go to Skriðuklaustur.

Elfa Hlin Petursdottir introduces the program for the next 8 days and tells about the structure of archaeological administration in Iceland.

Ph.d. *Steinunn Kristjansdottir* presents the three archaeological projects that this program focuses on; Skriðuklaustur, Geirsstaðakirkja and Þórarinsstaðir.

Skuli Björn Gunnarsson makes brief introduction of Skriðuklaustur and The Institute of Gunnar Gunnarsson.

Discussion about what has been done and is planned to do at Skriðuklaustur to inform tourists and other visitors about the history and the excavation of the monastery.

Afternoon

After lunch we go to the excavation site of the 16th century monastery and do maintainance work with turf, stonesand wood chips. Hjalti Jónasson and Páll Þórisson, ex-farmers from the area will show us the building techniques of the past.

Lunch and Dinner at Skriduklaustur.

Tuesday June 5 - Skriðuklaustur

Morning

Breakfast in Bessastadir and then we go to Skriðuklaustur for presentations.

Introduction of the Icelandic Saga Trail Association by *Skuli Björn Gunnarsson.*

Hringur Hafsteinsson from Gagarin presents the use of multimedia in context with cultural heritage. Gagarin has specialised in serving the cultural heritage and educational sector with interactive media rich multimedia solutions and won award for their works.
Þuriður R. Stefansdottir, landscape architect, presents the design of two archaeological sites that Landmotun has organised, Eiriksstaðir and Gásir and the project that is now starting; to plan the site of Skriðuklaustur monastery as a historical place for tourists.
Inga Soley Kristjönudottir, district Antiquarians for Eastern Iceland, tells us about the regulations and rules of The Archeological Agency of Iceland when we make an archaeological site accessable to tourists.
Afternoon
After lunch we will have a workshop to discuss what can be done at Skriðuklaustur to make the place more accessable and informative for tourists and pupils as well as taking care of the site as a historical place.
Icelandic participants will *be Elfa Hlin Petursdottir, Skuli Björn Gunnarsson, Steinunn Kristjansdottir, Hringur Hafsteinsson* and *Þuriður R. Stefansdottir.*
Lunch and dinner at Skriduklaustur.

Wednesday June 6 - Excursion day
Breakfast in Bessastadir and then we hit the road.
A guided tour to a large part of East Iceland where we will visit the old turf-house and heritage museum at Bustarfell, in Vopnafjörður. We will have lunch at Fjalladyrð in Möðrudalur, a tourist service with a cultural heritage context, and then go to a renovated turf-house in the heath, Sænautasel. Then we go further to the highlands and have a look at the Kárahnjúkar damn, a new hydro power resource, but we finish the day in the natural hot pool by Laugarfell, known for centuries for its healing power.

Thursday June 7 – Geirstaðakirkja
Breakfast in Bessastadir. We have to check out from the rooms in Bessastadir and Valþjofsstaður and take the luggage with us because this night we go to Skalanes.
We drive to Geirsstaðakirkja, a theoretical building of a 1000 years old church.
We will do a maintainance work, repairing the grass-roof with new turf. Then we will have a little workshop, discussing and hopefully producing fruitful ideas about future use for the place as a historical site. *Hakon Adalsteinsson*, guide, poet, and ex-farmer will take part in the maintainance work as well as local people.
In the afternoon we will drive to Seyðisfjörður, have a short stop in town and than head out to Skalanes centre. There the group will accommodate for the rest of the program.

Friday June 8 - Þorarinsstaðir
Breakfast at Skalanes.
This day we´ll spend at the excavation site at Þorarinsstaðir. Steinunn Kristjansdottir and Inga Soley Kristjönudottir will lead a kind of a reconstruction work, including trying to mark the base form of the older church. We will have discussion on what can be done at the site to clarify that this is a historical site.

Saturday June 9 - Seminar day
Breakfast at Skalanes and then we head for Egilsstadir.
We will start with a visit to Eik at Miðhus, a gallery known for its art and handcraft. There the third generation of great wood-carvers and craftsmen is now taking over. They use natural wood and driftwood in many interesting and often traditional ways, both to make pieces of art and souvenirs.
After Eik we will visit the East Iceland Heritage Museum where Elfa Hlin Petursdottir

will present her museum and the new permanent exhibition.
11.00 Open seminar on interpretation and maintainance of Cultural Heritage in Iceland and in Scotland.The idea of the seminar is to exhange information and ideas about how things are done differently in these two countries and to have discussion between experts from both countries on interpretation and maintance of cultural heritage and sites, looking into the funding, the legislation, regulations, combination with tourism, traditional skills and volunteering associations.
Three speakers from each country will open the seminar with 15 min. presentations.

Inga Soley Kristjönudottir on behalf of the Archeological Agency of Iceland
Ragnheiður Þorarinsdóttir, advisor of the Department of Culture, Ministry of Education, Culture and Science.
Rögnvaldur Guðmundsson, chairman of the Iceland Saga Trail Association.
Tom Dawson will present a community archaeology project at an eroding site at Sandwick, Shetland. This project is being run in conjunction with the CSA Adopt a Monument Project
Brian Wilkinson will talk about Scotland's rural past.
Antonia Thomas will present The ESSENCE project: leading archaeological research into the cultural environments of the North Atlantic
In the evening we will have a "party" in the midnight sun and stay up late and enjoy the Icelandic bright night. As always in Iceland, that depends on the weather.

Sunday June 10 - Day of relax and evaluation
This day we will spend at Skalanes, have a guided tour around the area and relax a little. In the afternoon/evening we will spend 2 hours evaluating the program and form a base for a small report.

Monday June 11 - Departure day
8.00 Breakfast at Skalanes and packing
We leave Skalanes after breakfast and drive to Egilsstadir airport.

GEIRSSTAÐAKIRKJA

Eins og sést í dagskrá ICHI hópsins hér að ofan þá var hluti af torfþaki Geirsstaðakirkju endurnýjaður. Sá hluti sem snýr inn til landsins hefur alla tíð gróið illa og í raun brunnið af sól og þurrki. Gunnar Guttormsson á Litla-Bakka stjórnaði viðgerðum en skipt var um torf. Skotarnir skemmtu sér vel við þessa vinnu sem var skemmtilega óþrifalegt en um leið fræðandi. Sú hugmynd kviknaði innan hópsins að þetta væri tilvalið verk að bjóða uppá í hvataferðum fyrir fyrirtæki. Það þarfnast mikillar samvinnu og hristist hópurinn vel saman. Byggingin þarfnast stöðugs viðhalds og hugsanlega er þarna komin raunhæfur möguleiki til að annast það, en Minjasafnið er því miður vanbúið, bæði af starfsfólki og fjármagni til að halda kirkjunni við.

Nokkur hundruð gestir skrifuðu nafn sitt í gestabók þetta árið og má það teljast furðumikið, bæði miðað við það hve hún er afskipt en jafnframt vegna þess að hún hefur lítið sem ekkert verið kynnt og auglýst.

Byrjað að leggja nýtt torf á þakið, þarna sést berlega hve brunnið þakið er.

GOLFSTRAUMSVERKEFNIÐ

Á síðastliðnum árum hefur verið talsvert samstarf milli listamanna og fólks í ferðaþjónustu og menningargeiranum á Austurlandi og í Vesterålen í Norður Noregi. Fyrir tveimur árum bættist Donegal sýsla á Írlandi í hópinn. Menningarráð Austurlands hefur verið í forsvari fyrir íslenskri aðkomu að þessu samstarfi. Nú, í lok árs 2008, hefur verið sótt um styrk til Menningaráætlunar Evrópusambandsins þar sem hugmyndin er stuðla að samstarfi safna og listamanna. Söfn eru oft á tíðum nokkuð íhaldssamar stofnanir, að mörgu leyti hlutverks síns vegna, og samstarf við listamenn gæti skapað nýjar miðlunarleiðir og jafnfram aðra nálgun á menningararfinn. Listamennirnir hins vegar hefðu aðgang að safnkosti safnanna sem og þekkingu og færni starfsfólks þeirra. Er vonast til að þetta geti orðið mjög dýnamískt samstarf fyrir alla aðila og afraksturinn fjölbreyttur og fæli í sér nýsköpun.

Vorið 2007 voru lögð drög að því að hefja nokkurs konar forverkefni að þessu stærra verkefni með samstarfi þriggja safna; Minjasafns Austurlands, Museum Nord í Vesterålen og Donegal Conty Museum á Írlandi er Norðmenn og Írar heimsóttu

Austurlands. Um haustið hittist safnafólkið aftur, þá á Írlandi þar sem ákveðið var að verkefnið fæli í sér að setja upp litla sýningu þar sem notast væri við sama þema.

Hér á eftir fer skýrsla á ensku sem Norðmennirnir Geir Reimen og Åsa Elstad unnu eftir heimsókn okkar til Írlands:

CONTACT AND STUDY TRIP TO IRELAND

24–28 SEPTEMBER 2007

Background

Museum Nord was invited per letter of 15 February 2007 by Erik Bugge of Vesterålen Cultural Council to participate in the council's program of cultural exchanges between Vesterålen and Donegal County, Ireland. The collaboration with Donegal is a further development of the cultural cooperation that has been established with Eastern Iceland, venture in which Museum Nord has been involved in several ways.

The Regional Council offered to cover one half of the expenses of a contact and study visit to Donegal for two participants from Museum Nord. The intent was to initiate collaboration between museums, and that the cooperative venture - as in the case of Eastern Iceland should be based on personal contacts between the staffs of the museums in the two chosen areas.

In March 2007 Curator Geir Remen had taken part in a contact and study visit to Eastern Iceland along with, among others, Senior Curator Judith MacCarty of Donegal County Museum. She was an important figure in the implementation of the prospective collaboration with Donegal. Museum Nord accepted the Regional Council's offer, it was natural that Remen was selected as one of the two representatives from the museum. Likewise, it was natural that Senior Curator Åsa Elstad was selected as the other representative. She had also been involved in the collaboration with Iceland. Vesterålen Cultural Council and Museum Nord considered that both she and Remen had the professional insight necessary for the development of an international museum venture. In order to begin a three-way collaboration between the museums in Vesterålen, Eastern Iceland and Donegal, it was important to involve a representative for the Icelandic Authority at the meeting with Ireland. Curator Elfa Hlín Petursdottir of Minjasafn Austurlands in Egilstadir had been involved in the collaboration with Vesterålen on several occasions and was also in contact with Judith MacCarthy. Therefore, she became Iceland's representative.

The meeting was held during the period 24-28 September 2007, and the following persons

Cultural History and the Landscape in Donegal

The trip to Donegal was a long one, since the trip had been booked via Dublin Airport. After the flight from Evenes, the remaining distance took nearly four hours by bus. It might have been possible to fly to Derry in Northern Ireland - just across the border from Donegal – but the time saved would have been negligible. The visit was planned to last from Monday up to and including Friday. Including two travel days, the visit in Ireland was 3 days long. Judith MacCarthy had organized accommodation and board in Donegal, paid for by Donegal County. Judith had also prepared a travel and meeting plan, and she personally drove us around the county. Caroline Carr of the County Museum also contributed to the preparations for the visit.

Killybegs
Our point of departure was Letterkenny, the county's largest city (with some 20,000 citizens), a commercial and administrative centre. The first day was spent in the areas south and west of Letterkenny, and the first destination was Killybegs - one of Ireland's most important fishing ports. The trip went through the inland areas through mountainous landscapes and extensive agricultural areas. Upon our arrival we were treated to a display that provided information about the commercial activities in Killybegs. It bore the name «The Maritime & Heritage Centre», and was introduced with these words: «Experience traditions of the famous hand-knotting carpets and the history of fishing in Ireland ...». The museum was built up on the site of an old weaving mill, and the main focus was on this. The fishing industry had a subordinate role.

An Cláchán
The next stop was An Cláchán – Folk Village Museum in Glencolmcille a little farther west. The road here went through beautiful, scenic surroundings – past steep cliffs and white, sandy beaches. This museum of folk art and culture was founded in 1967 among other things to reinforce the commercial structure of the area, and it celebrates its 40th anniversary this year. An Cláchán is built up as a village with single dwellings from the 18th, 19th and 20th century. All of the houses were restored with period furnishings. In addition there was a schoolhouse and an exhibit on the general history of the area. There was also a pleasantly furnished museum shop with a good selection of quality items and a small café where local food specialities were served. A friendly guide showed us around.
The facility was well designed – in a simple manner, offering an enjoyable experience. The magnificent surroundings also contributed to the experience. The guided tour proved to be necessary in order to be able to understand the various elements in their proper context. The introductory exhibit was a little too crowded with texts and pictures to be able to function optimally. We were surprised that none of the items were secured. After paying the entrance fee, visitors were given free access to wander around in the open houses. Another item of note was that the museum objects appeared generally to be identical with what one finds in a typical rural museum in Norway. This is indicative of a shared cultural heritage...and it lends support to the idea that one may travel from museum to museum and experience the same things everywhere!

The Dunlewey Lakeside Centre
Mount Errigal, the highest mountain in the Derryveagh range, juts up out of the landscape with its peak of light-grey quartzite. This distinctive mountain's nearest neighbour is The Dunleway Lakeside Centre, or Ionad Cois Locha in Gaelic. As the name suggests, the centre is located on a lake, and there are boat trips from the centre in towards the Poison Glen valley - and attraction in Glenveagh National Park. The centre was the last stop on the programme for the first day. It was clearly in the process of being developed, but it can be described as more of an activity centre than a cultural heritage and historical site. In addition to the boat trips, various physical activities were made available, largely for children and adolescents –pedal cars and kayak lanes, climbing frames, etc. There was also an animal park and well-tended grounds. The cultural and historical facility comprised a video on Irish history screened in a separate cinema room, as well as a demonstration of wool-working and weaving techniques. The latter was in conjunction with the fact that the centre was established on the property of a famous weaver – Manus Ferry. A guided tour of his home was also included, showing some of his works.
On the whole the facility was attractive, but the activity was not especially comparable with the type of work we museum people do. The spacious shop is an example of this.

Judith commented that it was larger in area than the entire exhibition area of the county museum, while at the same time, the facility had very limited space for cultural and historical displays. Nevertheless, centres such as this one can teach us about outreach activities such as commercial sales, and in many respects we should pay closer attention to the kinds of ancillary activities we offer than we normally do. The attractions of museums are often rather static, unfortunately.

Donegal County Museum

The second day began with a guided tour of the county museum, a somewhat neutral building in the centre of Letterkenny – within walking distance of the hotel where we stayed. The museum was quite new; after a few years' temporary operation, it was officially opened in 1992. The museum building itself was originally the city's workhouse, built to house the poor during the great famine of 1845 – 1850. It is an ordinary, general museum of culture and history operated in accordance with ICOM's definition of a museum. It houses approx. 8000 objects from the Donegal area – from prehistoric times up to today. The museum has two premises for exhibits, one for permanent and one for temporary. The exhibit areas are relatively limited. In addition, there is a small preservation workshop and an office annex. The museum produces a number of travelling exhibitions – designed particularly for schools.

The entranceway and reception were spacious and bright and offer a friendly and «modern» impression. The exhibit hall off the reception was at the time filled with a self-produced, temporary exhibit, «The Flight of The Earls» -concerning the dramatic events in the conflict between Ireland and England during the 1600s. In the permanent exhibition on the next floor, this conflict was again a central topic, but here there were also some displays of prehistoric materials. The form of expression for both exhibits was rather traditional, using glass cases, relatively abundant written text and some photographic illustrations. The museum was neat and well kept, but the rooms were perhaps suitable for more daring presentation styles. It was very positive that the public was admitted without paying an entrance fee.

.

Fort Dunree and Edge:Centering

Dunree is located north of Letterkenny, and the fort here – now purely a cultural monument - once had great strategic significance in a number of conflicts through the ages. This was the theme of a fine exhibition. In addition, the fort was an interesting experience in itself. We also gained insight into important aspects of the fort's military history from a former officer at the site.

In conjunction with the cultural facilities in Dunree, an art centre was established in which an exhibit was produced in a workshop by artists from Donegal, Eastern Iceland and Vesterålen.The official opening of the exhibition, which was called Edge:Centering, occurred at the time of our visit, and we were present at the opening. A report on the project can be found at http://www.vestreg.no

Memo from the summary of the meeting on Museum Collaboration
Donegal – Vesterålen – Eastern Iceland
by Erik Bugge

Harbour Inn Hotel, Wednesday 26 September 2007, 4:00 – 4:45 p.m.

Present

Elfa Hlín Petrusdóttir, museum director, East Iceland Museum

Judith McCarthy, Museum Director, Donegal County Museum
Caroline Carr, Manager for Exhibitions, Donegal County Museum
Åsa Elstad, Head of the museum department Museum Nord - Sortland Museum
Geir Remen, Head of the museum department Museum Nord – Vesterålen Museum
Signý Olrm Arsdóttir, Managing Director for Culture, East Iceland Cultural Council
Erik Bugge, Managing Director for Culture, Vesterålen Cultural Counci

General Impressions
All parties (museums) had a certain amount of reservation concerning what one might expect from potential collaboration. After one and a half days together, the consensus was that there was keen interest in collaboration and creativity aimed at specific measures to be taken collectively.

Conclusions
Agreement was reached that the basic concept for a collaboration should be based on the idea of associating cultural heritage with modern expressions of art. This should also be the core element in a projected sub-project in 2008. An outline for a specific exhibition was presented: - "Differences and similarities" can be considered a preliminary open theme. A thematic constraint is necessary.

- One possible form might be: Standing triangular surfaces of e.g. plexiglas (one surface per country) with photographs, texts and individual objects inside. - The idea of using objects that are "normally" recurrent in each of the regional museums.
- One or more artists are to be involved in the design of the exhibition. It needs to be clarified how to do this.
- It should be possible to produce a web version of the exhibition. Here too it is natural to be in consultation with an artist/designer.
- In conjunction with a web production, it is possible to develop contacts with young people from each region who submit photos (mobile) that are motifs associated with the themes of the exhibitions. (Should be able to develop contacts with individual schools in the beginning in order to facilitate this.)

Concept Development:
All four are responsible for developing a project description, but one person should be

elected as soon as possible to move the process forwards.

Finances
Judith is responsible for setting up a budget. The exhibition is to be financed through shared funding from the various museum budgets (exhibitions) and from financial support from Donegal County, Vesterålen Cultural Council and East Iceland Cultural Council. Each of the museums should also be able to apply for funding from within their own systems. Is it possible to realise this as a part of a preliminary project within the Northern Periphery Program?

IMPORTANT Timetable and responsibility:
A timetable should be set up as soon as possible with milestones to be reached. A distribution of responsibility must also be developed.

Postscript
Our contact and study trip to Donegal was without a doubt a good investment in terms of our expectations. The stay in Ireland was very well prepared, both the professional and social aspects. Regarding the latter, we were very well cared for as guests of Donegal County, and this generosity established a very pleasant atmosphere for our visit. The previous trip some of us had made to Eastern Iceland also contributed to our being on the same wave-length from the second we met. The result of the many good conversations we had and which were summarized during the meeting at Harbour Inn Hotel at Dunree, indicate a strongly optimistic attitude for a constructive museum collaboration between the three areas.
From Museum Nord's perspective, it is important to thoroughly assess the potential in such a collaborative venture, as well as determine how this and other international projects are to be organized and grounded in the future. Basically we think that this type of activity will result in an enlargement of perspective in terms of our work to preserve cultural heritage, and that it will thereby be very inspiring for our everyday, local activities.

22 October 2007 Geir Remen – Åsa Elstad

RÁÐSTEFNUR OG FUNDIR

Að vanda sótti safnstjóri sem og aðrir starfsmenn safnsins ýmsa fundi, ráðstefnur og námskeið á árinu og verða hér nokkrir taldir:

Þann 20. febrúar var haldinn kynningarfundur á Menntaáætlun Evrópusambandsins hjá Þekkingarneti Austurlands. Voru það starfsmenn Landsskrifstofu menntaáætlunarinnar sem það gerðu. Þær útskýrðu bæði fyrir fundargestum hvaða þætti væri lögð áhersla á í áætluninni en jafnframt um ýmsa styrkmöguleika og aðferðir við að fá samstarfsaðila í öðrum löndum.

Þann 22. febrúar sótti safnstjóri ráðstefnu Vinnueftirlistins um áhættumat og gerð þess, en í dag er það skylda fyrirtækja og stofnana að vinna það mat og hafa tiltækt.

Ferðamálasamtök Austurlands héldu á Seyðsfirði þann 1. mars málþing sem bar nafnið **Fjólublá hreindýr. Staða og framtíð ferðaþjónustu á Austurlandi.** Voru fyrirlesarar þónokkrir. Nauðsynlegt er fyrir safnið að huga einnig að ferðaþjónustu þættinum í starfssemi sinni og líta á sig sem einn hlekk af mörgum í austfirskri ferðaþjónustu.

Þann 13. mars var haldinn í Þjóðminjasafninu fundur um hlutverk og ímynd byggðasafna. Í 4. og 5. gr. Þjóðminjalaga nr. 107 frá 2001 segir :

> Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum önnur söfn en Þjóðminjasafn Íslands sem sett hafa verið á stofn í þeim tilgangi sem segir í 5. gr., hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar og uppfylla skilyrði um rekstrarstyrki safna samkvæmt safnalögum.
> Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar, svo sem forngripi, kirkjugripi, listmuni, nytjahluti, svo og myndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti og kynna þær almenningi, innan lands og utan. Til slíkra minja geta einnig talist hús sem hafa sérstakt gildi að mati þjóðminjavarðar.
> Hverju byggðasafni ber að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir hlutaðeigandi byggðarlag eða landsfjórðung.
> Þjóðminjasafn Íslands skal stuðla að rannsóknum á minjum um menningarsögu Íslendinga og útgáfu fræðilegra rita um þær.
> Í Þjóðminjasafni Íslands skulu varðveittir aflagðir kirkjugripir og þeir gripir sem Fornleifavernd ríkisins og forráðamenn kirkna eru sammála um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður í samráði við Fornleifavernd ríkisins falið viðkomandi byggðasafni varðveislu gripanna.

Þessi skilgreining á byggðasafni þykir nokkur óskýr og var fundurinn haldinn, að frumkvæði Sigríðar Sigurðardóttir á Byggðasafni Skagfirðinga til að ræða frekar hlutverk byggðasafna og framtíðarsýn. Átján manns sóttu fundinn og voru ágætis umræður á honum og sýndu fundargestir vilja til að vinna áfram með málið og hittast aftur. Helstu niðurstöður voru þessar:

1. Hópurinn skal hittast aftur þegar drög að nýjum safna- og þjóðminjalögum liggja fyrir.
2. Hluti af hópnum vill hittast aftur til að setja saman árangursmatskerfi fyrir minjasöfn.
3. Það væri praktískt að halda námskeið fyrir nýtt starfsfólk á minjasöfnum, á 2-3 ára fresti.
4. Kynna þarf störf byggðasafna / minjasafna fyrir sveitarstjórnarfólki, annaðhvort á ársfundi SÍS, eða ársfundum svæðissambandanna.
5. Það verður að kynna fyrir eigendum byggðasafnanna hvort / hvernig hlutverk þeirra breytast með væntanlegum lagabreytingum.

FÍSOS í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands hélt námskeið dagana 15. og 16. mars um forvörslu. Elfa Hlín og Edda sóttu það námskeið og urðu margs vísari.

VAXTARSAMNINGUR

Eins og segir á heimasíðu Vaxtarsamnings Austurlands, www.vaxaust.austur.is:

> Vinna við Vaxtarsamning Austurlands hófst í lok ágúst 2005 með skipun þáverandi iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, á verkefnisstjórn. Verkefnisstjórn lauk starfi sínu í september 2006 með útgáfu á skýrslu um Vaxtarsamning Austurlands. Í kjölfarið var leitað til fjölmargra aðila um aðkomu að samningnum. Þann 4. janúar 2007 skrifuðu 55 aðilar undir Vaxtarsamning Austurlands. Hugmyndin með vaxtarsamningi er að setja fram stefnumörkun í byggðamálum til að treysta samkeppnishæfni og vöxt Austurlands. Markmið samningsins er að stuðla að auknum hagvexti, fjölga atvinnutækifærum, treysta byggðakjarna og gera Austurland að eftirsóttum valkosti til búsetu. Meginverkefni vaxtarsamnings er að stuðla að atvinnuþróun með uppbyggingu klasa og tengslaneta helstu aðila á viðkomandi kjarnasviðum og verkefnum er þeim tengjast.

Á haustmánuðum 2007 hittust nokkrir aðilar af Austurlandi, aðallega af Héraði í klasavinnu sem bar heitið Sögutengd ferðaþjónusta og stýrð var af Kötlu Steinsson hjá Markaðsstofu Austurlands.. Eftirfarandi er samantekt Skúla Björns Gunnarssonar sem skýrir betur frá niðurstöðum þeirrar vinnu:

Áfangaskýrsla vegna sögutengdrar ferðaþjónustu á starfssvæði Markaðsstofu Austurlands innan menningar- og ferðaþjónustusviðs Vaxtarsamnings Austurlands

Vinnuhópur um sögutengda ferðaþjónustu fundaði þrisvar sinnum á haustmánuðum. Að fundunum komu fulltrúar frá Ormsskríni, Minjasafni Austurlands, Félagi áhugamanna um Hrafnkelssögu og sögutengda ferðaþjónustu á Héraði, Gunnarsstofnun, ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps og Héraðsskjalasafni Austfirðinga. Markmiðið var að greina stöðu og möguleika á þessu sviði ferðaþjónustu.

STÖÐUMAT

Sögutengd ferðaþjónusta er vaxandi á svæðinu og nú þegar eru þrír staðir eða verkefni aðilar að Samtökum um sögutengda ferðaþjónustu sem starfa á landsvísu, þ.e. Hrafnkelssaga, Vopnfirðingasaga og Skriðuklaustur. Starfandi eru áhugamannafélag kringum Hrafnkelssögu og Lagarfljótsorminn sem unnið hafa að uppsetningu söguskilta fyrir ferðamenn og merkingu gönguleiða. Bæði félagin hafa markað sér ákveðna stefnu og til eru hugmyndaskýrslur og framkvæmdaáætlanir hjá þeim. Á vegum Hrafnkelssögufélagsins er unnið að sérsniðinni útgáfu á sögunni með kortum, leiðarlýsingum og myndum og haldinn er árlega Hrafnkelsdagur. Þá hefur Ormsskrínið prentað upplýsingabæklinga um Orminn og ormsslóðir sem dreift verður á íslensku og ensku á næsta ári. Vopnfirðingar bjóða upp á leiðsögn um sínar söguslóðir og á Skriðuklaustri er uppgröftur miðaldaklaustursins aðgengilegur með leiðsögn yfir sumartímann og með sýningu í Gunnarshúsi. Minjasafn Austurlands hefur reynt að

tryggja aðgengi að tilgátubyggingu Geirsstaðakirkju í Hróarstungu og sömuleiðis hefur safnið staðið fyrir þjóðháttadögum að sumarlagi sérstaklega fyrir ferðamenn. Þá eru uppi hugmyndir um bætt aðgengi að Þórarinsstöðum og ferðir á slóðir Fjallkonunnar.
Ákveðið samstarfs hefur verið milli stofnana og félag um sýningar, málþing og viðburði er lúta að fortíðinni en í hugum allra aðila er hægt að byggja meira ofan á það með markvissum hætti og draga fleiri að slíku klasasamstarfi.

NIÐURSTAÐA
Niðurstaða vinnuhópsins var að vel færi á að ákveðnu samstarfi verkefna í sögutendri ferðaþjónustu, t.d. undir heitinu Sagnabrunnur Austurlands. Greina þyrfti á milli annars vegar Söguheima Sigfúsar Sigfússonar og hins vegar Fornsagna og fornleifa. Yfir slíkan klasa yrði að fá verkefnisstjóra til að móta næstu skref í samstarfinu, m.a. gerð viðskiptaáætlunar og vöruþróun, en hvert og eitt verkefni gæti haldið áfram sinni vinnu eftir áætlunum þar fyrir utan.

HUGMYNDIR OG ÁHERSLUATRIÐI
Hópurinn var sammála um að þjóðsögur Sigfúsar Sigfússonar væru lykilatriði í slíku klasasamstarfi fyrir stærra svæði. Nýta mætti sögurnar sem grunn í vöruþróun á ýmsum sviðum ferðajónustu. Áherslan yrði á börnin og t.d. mætti koma fyrir söguhellum á söfnum og fjölförnum ferðamannastöðum vítt og breitt um fjórðunginn þar sem börnin gætu sest inn í ævintýraveröld og hlustað á sögur Sigfúsar lesnar en enginn staður byði upp á sömu sögur. Í tengslum við söguhellanna mætti síðan framleiða ýmsan varning. Miðstöð fyrir Sigfús gæti farið saman með Ormsstofu og rætt var um að hún færi vel í fullkláruðu Safnahúsi á Egilsstöðum með þjóðsagnagarði í Tjarnargarðinum.
Hópurinn taldi æskilegast að þróa ákveðin líkön að ferðum, útgáfum, námskeiðum og fleiru sem síðan mætti yfirfæra á önnur verkefni. Þannig yrði útgáfa á ferðamannavænni Hrafnkelssögu líkan fyrir útgáfu á öðrum fornsögum. Einnig mætti þróa námskeið í þjóðsögum Sigfúsar í samvinnu við Þekkingarnet Austurlands og Endurmenntun HÍ sem enduðu með ferð á söguslóðir líkt og gert var með Aðventu í vetur.
Eitt lykilatriði í allri sögutengdri ferðaþjónustu eru sérhæfðir leiðsögumenn og taldi hópurinn afar brýnt að leita leiða til að mynda kjarna af leiðsögumönnum sem gætu lífgað sögurnar við fyrir ferðamönnum.
Fornleifastaðir eru margir á svæðinu en mismunandi hversu sýnilegar fornleifar eru og aðgengilegar. Með samvinnu í gerð merkinga og aðstöðu á stöðunum mætti ná niður hönnunarkostnaði og framleiðslukostnaði.

RANNSÓKNIR OG VÍÐARA SAMSTARF
Gera verður ráð fyrir að rannsóknir verði með einhverjum hætti hluti af slíkum verkefnum. Ekki síst er varðar sögur Sigfúsar. Þá er nauðsynlegt að hafa náið samráð við Fornleifavernd ríkisins um allar framkvæmdir og merkingar sem og leita samstarfs við Þjóðminjasafn Íslands vegna framleiðslu minjagripa á grunni fornmuna.

VIÐMIÐ
Nauðsynlegt er að skoða vel hvernig unnið er með fortíðina og sögur á öðrum stöðum hér á landi og erlendis, t.d. söguslóðir Grimmsbræðra í Þýskalandi og Njáluslóðir á Suðurlandi.

MARKMIÐ
Vinnuhópurinn vill setja klasanum það markmið að innan tveggja ára verði hafin markaðssetning og kynning á Sagnabrunni Austurlands.

sbg. desember 2007

FORNLEIFARANNSÓKN

e. Steinunni Kristjánsdóttur

Árið 2007 var sjötta ár fornleifarannsókna á Skriðuklaustri. Þáttaskil urðu í sögu hennar í upphafi ársins. Þá var Kristnihátíðarsjóður lagður niður eftir fimm ára starfsemi en framlög úr sjóðnum höfðu fram til þess tryggt árviss áframhald þeirra. Rannsóknin var að þessu sinni rekin fyrir stofnframlag úr ríkissjóði, að upphæð 7 milljónir króna, og er það sambærileg upphæð og veitt var til rannsóknanna úr Kristnihátíðarsjóði ár hvert. Einnig fengust framlög veitt til rannsóknarinnar úr ýmsum öðrum mikilvægum sjóðum, eins og Leonardo-áætlun ESB, Rannís, Fornleifasjóði, Rannsóknarsjóði HÍ, Nýsköpunarsjóði námsmanna og Þjóðhátíðarsjóði. Samstarfi var jafnframt haldið áfram við skoska fyrirtækið Grampus Heritage and Training Ltd., Gunnarsstofnun, Þjóðminjasafn Íslands, Minjasafn Austurlands og Háskólann í Flórens, auk tengdra rannsóknarstofnana hans.

Uppgröftur sumarið 2007 hófst mánudaginn 18. júní og stóð hann til föstudagsins 17. ágúst. Unnið var við uppgröft alla virka daga en að venju unnu starfsmenn uppgraftarins við pökkun og frágang á gripum, ásamt Giuseppe Venturini forverði og aðstoðarmönnum hans, þegar illa viðraði til útivinnu. Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri lánaði verkefninu skemmu til þessa þáttar vinnunnar, auk þess að veita starfsmönnum endurgjaldslaust aðgang að skrifstofu með tölvubúnaði. Starfsmenn uppgraftarins voru 19 að meðtöldum verkefnisstjóra sem stýrði uppgrefti.

Starfsmenn á Skriðuklaustri sumarið 2007.

Í hópnum voru jafnt úrskrifaðir fornleifafræðingar, sem og nemar í fornleifafræði og mannfræði við Háskóla Íslands eða breska háskóla. Jafnframt voru í hópnum sérfræðingar á sviði mannabeinafræði og forvörslu. Sérfræðingarnir unnu í nokkrar vikur hver við uppgröftinn en aðrir þátttakendur unnu við hann í tvo mánuði samfleytt. Unnið var einnig á árinu að greiningu ýmissa gripa sem fundist hafa á Skriðuklaustri frá upphafi, s.s. líkneskis, læknisáhalda og bókaleifa, auk þess sem gerðar voru tvær DNA greiningar, svo og úttekt á nöglum og öðru sambærilegu byggingarefni úr rústunum. Einnig var hafin á árinu röntgenmyndataka á mannabeinasafninu frá Skriðuklaustri en það telur nú 83 beinagrindur.

Samtals voru 2277 gripir skráðir í fundaskrá uppgraftarins sumarið 2007. Það eru talsvert fleiri gripir borið saman við fjölda þeirra árið áður, enda voru starfsmenn uppgraftar fleiri í ár en í fyrra og tækjakostur betri. Alls eru gripir fundir við uppgröftinn á Skriðuklaustri orðnir tæp 10 þúsund sem telja má nokkuð eðlilegan fjölda miðað við aldur og stærð rústanna. Áberandi voru að þessu sinni hnífar, sumir til lækninga, meðal funda. Einnig fundust bæði hnappar, perlur og kistuhankar í gröfum en lítið hefur verið um þess konar fundi til þessa. Aðrir gripir sem fundust voru nálar, skæri, naglar, ljósahöld, sleggjur og innflutt leirker.

Einn þeirra 12 hnífa sem fundust á Skriðuklaustri sumarið 2007.

Rannsóknin á Skriðuklaustri er mjög fjölþætt vegna mikilla og margvíslegra umsvifa klaustursins. Miklar upplýsingar liggja nú fyrir og brýnt sem aldrei fyrr að forgangsraða sérverkefnum, þó svo að stefnan sé fyrst og fremst sú að ljúka við uppgröft á öllu rústasvæðinu til þess að ná megi fram heildarmynd af íslensku klaustri úr kaþólsku á Íslandi. Í ljós kom nú í sumar nýtt eldstæði sem breytir fyrri túlkunum á öðru rými sem einnig var talið vera nýtt til eldunar. Þessi fundur staðfestir jafnframt að nauðsynlegt er að ná fram sem flestum rýmum byggingarinnar með uppgrefti svo heildartúlkun á klaustrinu geti farið fram.

Á Skriðuklaustri hafa frá 2002 verið grafin fram átta mismunandi rými klausturhúsa, klausturkirkja og klausturgarður með brunni. Saman hafa þessir byggingarhlutar myndað þéttriðna húsaþyrpingu en innan hennar voru allar þær grunneiningar sem kaþólskt klaustur þurfti að búa yfir. Íburður klausturbyggingarinnar var mikill en leifar kirkjugripa og innréttinga, s.s. tröppur, eldstæði, leirker, ljósahöld og steindir gluggar, staðfesta þetta. Unnið er sem stendur að greiningu skordýra, dýrabeina og mannabeina en vonast er til að þær varpi enn frekara ljósi á umsvif á Skriðuklaustri.

Innan klausturgarðsins á Skriðu, svo og utan sem innan kirkjunnar, hafa verið opnaðar grafir 83 einstaklinga sem flestir höfðu þjáðst í lifanda lífi vegna ýmis konar áverka, kvilla og sjúkdóma. Er þar helst að nefna beinbrot, tannígerðir og meðfædda fötlun, auk landlægra sjúkdóma þessa tíma á borð við sárasótt, berkla, sull og lungnabólgu. Einkum er um að ræða ungt fólk eða börn. Svo virðist sem að bæði hand- og lyflækningar hafi verið stundaðar á staðnum, samhliða tilbeiðslu og hefðbundnum rekstri klaustursins, en meðal þeirra gripa sem hafa fundist við uppgröftinn eru bíldar, skurðarhnífar og önnur vel þekkt læknisáhöld. Af frjókornagreiningum að dæma voru þar auk þess ræktaðar lækningajurtir í einhverjum mæli. Heilleg brot úr líkneski, sem fundust við uppgröftinn, benda einnig til þess að heilög Barbara hafi verið verndari klaustursins en hún tilheyrði sem kunnugt er hópi fjórtán annarra dýrlinga sem allir áttu að vera verndandi gegn ýmiskonar sjúkdómum og kvillum. Hópurinn var myndaður á 15. öld þegar mannskæðar farsóttir herjuðu endurtekið á íbúa Evrópu. Leifarnar á Skriðuklaustri endurspegla í gegnum fornleifar á staðnum alþjóðlega heimsmynd menningar, sem og hlutverk kaþólskrar kirkju á miðöldum. Um leið og þær varpa frekara ljósi á hugmyndafræði umliggjandi samfélags og samtíma.

Þrjár greinar voru birtar um uppgröftinn á árinu og fluttir fyrirlestrar á ráðstefnum hér heima og erlendis. Sjónvarpsstöðin Discovery tók einnig upp þátt um Skriðuklaustur og var hann sýndur í Bandaríkjununum í mars 2008 og í Bretlandi í júní.

GESTAFJÖLDI





Á árinu var tekin upp mun markvissari skráning safngesta en áður hafði að mestu verið notast við gestabók. til að áætla gestafjöldann. Því miður var, þrátt fyrir nákvæmari skráningu, fækkun á heimsóknum á safnið, þó þær hefðu verið fleiri en 2005. Í ljósi þess gífurlega fjölda ferðamanna sem fer um Egilsstaði á ári hverju verður að teljast að þessar aðsóknartölur séu óviðunandi og þörf er á markvissu markaðsátaki til að auka aðsókn á safnið til muna.

STJÓRNARSTÖRF

F.v. Þórey, Halldóra, Gunnhildur, Björn, Sigríður og Sigurjón.

Nokkrar breytingar urðu á stjórn safnsins á árinu. Í byrjun árs voru í stjórn Þórey Hannsdóttir, formaður, Þráinn Sigvaldason og Sigríður Sigmundsdóttir fyrir Fljótsdalshérað, varamenn þeirra voru Ásmundur Þórarinsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Hulda Daníelsdóttir. Kristjana Björnsdóttir var fulltrúi Borgarfjarðarhrepps og Hákon

Aðalsteinsson fyrir Fljótsdalshrepp, þeirra varamenn voru Björn Aðalsteinsson og Þórdís Sveinsdóttir. Hákon hætti upp úr miðju ári og hans sæti tók Halldóra Tómasdóttir. Þá lét Þórey af störfum í árslok og við tók Sigurjón Bjarnason sem jafnframt varð stjórnarformaður.

Fundir á árinu voru sex talsins auk aðalfundar sem haldinn var í tvennu lagi.

INNLÁN – ÚTLÁN

Fyrirtækið Vaðall ehf. fékk að láni muni til að nota á sýningu á Á hreindýraslóðum, Skjöldólfsstöðum í Jökuldal. Um var að ræða nokkrar halgdir, bakpoki, klyfberi, heynál, stokkur, netnál, brennijárn, hnífur, handföng af göngustaf, hófskeri, nálhús, svipa, bréfahnífa, prímus, pottur, byssa, netnál, göngustafshnúður og veiðafærakassi.

Egilsstaðaskóli fékk í september vegna kennslu lánaða ljái, aska, snældur, ullarkamba og sauðskinnsskó.

Frú Norma fékk í júní fyrir leiksýninguna „Bara í draumi" lánuð leikföng, fisher price peningakassa, parísarhjól, leikfangabíla og leikfangabyssu úr tré.

Í febrúar var lánað til grunnskóla Fáskrúðsfjarðar trog, ask, brúsa, rokk og strokk.

Þá fékk fyrirtækið ESS (European Service System) lánaða muni vegna þorrablóts starfsmanna við álversbygginguna á Reyðarfirði. Um var að ræða ask, mjólkurbrúsa, rokk og strokk auk ljósmynd á spjöldum er sýna gamalt verklag og þjóðhætti.

LOKAORÐ

Hlutverk safna er að safna, skrá og varðveita heimildir og muni, rannsaka þau og miðla. Starfsfólk Minjasafns Austurlands leitast við að sinna öllum þessum þáttum en þó er það ætíð svo að vegna manneklu og fjárskorts þá er þeim sinnt af mismikilli kostgæfni og áherslur sveiflast frá einu ári til þess næsta. Á þessu ári var ráðist í þarfaverkið að

endurskipuleggja geymslurými safnsins og eftir það er rýmið mun betur nýtt, þótt vissulega megi enn gera betur. Það var safninu ómetanlegt að við þessa vinnu hjálpuðu Laura og Didier, sjálfboðaliðar frá Costa Rica sem bæði eru þar að auki menntuð sem verkfræðingar. Ódýrari verkfræðivinna hefur ekki heyrst af hér á Íslandi um áraraðir.
Undirstaða faglegs og góðs safnastarfs er safnkosturinn en ekki síður skráning hans og varðveisluskilyrði. Þarna er um að ræða vinnu sem oft er að mestu ósýnileg þeim sem safnið heimsækir en þó grunnforsenda þess að sýningar og önnur miðlun sé þannig að hún sé einhvers virði. Hins vegar verður í þessu sambandi að benda enn og aftur á það að geymslurýmið, þrátt fyrir að þar sé hita- og rakastýringarkerfi, er ekki viðunandi og lekann í því þarf að laga. Helst með því að byggja næstu burst Safnahússins. Það hefur margoft komið fram á ýmsum stöðum að í dag stendur húsnæðið í vegi fyrir því að söfnin í húsinu nái að þróast áfram.

Rannsóknarhlutverki safnsins hefur því miður ekki verið sinnt af miklum krafti síðustu ár, og er það í raun þátttaka safnsins í Skriðuklaustursrannsóknum sem bjargar því fyrir horn. En það er vonandi að þetta breytist á næstunni og skipulagðar rannsóknir á safnkostinum verði að raunveruleika áður en langt um líður. Með rannsóknum er líka hægt að miðla tilteknum hlutum af meiri dýpt og þekkingu en ella. Æskilegt væri að gera einhvers konar rannsóknaráætlun til nokkurra ára í senn. Þá væri mjög ánægjulegt ef fræðimenn og námsfólk sæi sér hag í því að nýta okkar mikla safnkost til sinna eigin rannsókna.

Miðlun safnsins getur verið margvísleg og má þar nefna sýningar, stórar sem smærri, ýmis konar útgáfu, góða heimasíðu og skipulega safnfræðslu. Þá má ekki gleyma ýmsum uppákomum og lifandi dagskrá. Möguleikarnir og aðferðirnar eru óteljandi. Ekki er unnið eftir einni sérstakri hugmyndastefnu á safninu. við sýningargerð, en reynt er að hafa þær fjölbreytilegar og leitast við að höfða til reynsluheims áhorfanda. Söfn hafa, og er Minjasafn Austurlands þar ekki undanskilið, möguleika á að fjalla um málefni líðandi stundar og vekja jafnvel fólk til umhugsunar. Það hefur ekki verið gert mikið hér á Íslandi en væri hugsanlega ein leiðin til að færa þau nær fólki, en söfn hafa oft á sér ímynd fortíðar, stöðnunar og afturhaldssemi, ímynd sem að æskilegt væri að breyta án þess þó að faglegu starfi þeirra sé þar með varpað fyrir róða.

Eins og sést á þessari ársskýrslu þá fer fram fjölbreytt starf á Minjasafni Austurlands og var árið 2007 þar engin undantekning. Metnaður og vilji starfsfólks er til þess að halda því starfi ótrauð áfram.